

AVIA – Upplýsingar og skilmálar

Eftirfarandi skilmálar gilda um notkun starfsfólks Ísafjarðarbæjar á AVIA.

Kynning: AVIA er **samskipta-, fræðslu- og upplýsingaveita** fyrir starfsfólk Ísafjarðarbæjar. Kerfið nýtist sem vettvangur fyrir miðlun upplýsinga innan og milli starfseininga og starfsfólks Ísafjarðarbæjar, er ætlað að efla samskipti og upplýsingaflæði og þannig styrkja liðsandann.

Með því að nýta tæki og tól AVIA er hægt að efla samstarf, bæta verkferla í sameiginlegum verkefnum innan og milli starfseininga Ísafjarðarbæjar, ásamt því að draga úr magni hefðbundinna tölvupósta, símtala og funda.

AVIA er einnig **fræðsluvefur**, þar sem starfsfólk getur nálgast fjölda áhugaverðra námskeiða og/eða verið skráð á námskeið af yfirmanni. Þá virkar AVIA sem innri vefur bæjarins, þar sem starfsfólk og stjórnendur geta nálgast ýmsar reglur, leiðbeiningar, eyðublöð og skjöl sem nýttast í starfseminni.

Til að geta fylgst með og geta tekið þátt í sameiginlegum verkefnum hefur allt starfsfólk sveitarfélagsins sem skráð er í launakerfi Kjarna, aðgang að AVIA.

Kerfið er þríþætt;

- 1) Avia vefsíða,
- 2) Avia-vinna (app)
- 3) Avia-spjall (app fyrir síma og fyrir tölvur)

1. Vefsíða AVIA:

Til að komast inn á vefsíðu AVIA, skráir starfsfólk sig inn með rafrænum skilríkjum á [innskráningarsíðu](#) AVIA (isafjordur.avia.is).

Mín síða: Hver notandi er með sína eigin síðu, þar sem hann getur séð hópana sem viðkomandi tilheyrir, námskeið sem hann hefur setið, myndir, ásamt skjölum og myndböndum sem viðkomandi hefur póstað. Gott er að starfsfólk hali upp mynd af sér á sína síðu svo hægt sé að tengja andlit við nafn.

Fréttaveita og tilkynningar: *Viltu vita hvað er að gerast á öðrum vinnustöðvum og stofnunum?* Starfsfólk er hvatt til að taka virkan þátt í fréttamiðlun á AVIA með því að deila upplýsingum sem skipta máli í máli og myndum úr sínum starfseiningum, spyrja spurninga og hjálpast að við að svara þeim. Heiti verkefna og staðsetning þarf að vera lýsandi þannig að samstarfsfólk finni efnið auðveldlega aftur síðar.

2. AVIA-vinna app:

AVIA-vinna (app) hefur sömu virkni og vefsíðan. Til að sækja AVIA-vinna appið má nýta þennan QR kóða sem einnig má finna á fréttaveitunni á vefsíðu AVIA (hægra megin á forsiðu). Þá er sömuleiðis hægt að sækja appið í [PlayStore](#) eða [Apple App Store](#).



Þegar appið er opnað þarf að setja inn slóðina (URL) isafjordur.avia.is og skrá sig svo inn með rafrænum skilríkjum (ekki með netfangi). [Sjá nánar hér.](#)

3. AVIA-spjall (AVIA Chat) app í síma:

Hægt er að ná í samstarfsfólk með textaskilaboðum í gegnum AVIA-spjallið, svipað og á Messenger og var áður hægt á Workplace. Til að sækja AVIA-spjall appið má nýta QR kóðann hér að neðan, sem einnig má finna á fréttaveitunni á vefsíðu AVIA, hægra megin á forsíðunni.



Þá er hægt að sækja appið í [AppStore](#) eða [PlayStore](#). Þegar allir notendur eru skráðir í AVIA-spjallið mun spjalltáknid  á AVIA-vefsíðunni einnig færa fólk þangað.

[Ítarlegar leiðbeiningar um uppsetningu AVIA-spjall appsins](#)


3.1 AVIA-spjall (Chat) desktop app í tölvu:

Þau sem vilja hafa spjallið opið í sérstöku forriti í tölvu, þ.e. ekki í vafranum, geta sótt það hér:


[Apple Rocket Chat](#)

[Microsoft Rocket Chat](#)

Þegar forritið opnast þarf að slá inn slóðina fyrir spjallið:



Og síðan skrá sig inn með netfanginu og lykilorðinu sem sett var upp við skráningu.



Hjálp/aðstoð: Starfsmenn skulu senda póst á hjalp@akademias.is ef þeir lenda í vandræðum með innskráningu eða annað í tengslum við vefinn eða smáforritin (öppin).

Meðferð viðkvæmra upplýsinga / almenn tilmæli: AVIA er alls ekki ætlað til að deila og/eða vinna með viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar tengdar störfum sínum. Verði starfsfólk vart við að óviðeigandi upplýsingar séu settar á AVIA, skal það tilkynnt samstundis til forstöðumanns og/eða upplýsingafulltrúa sem þá fjarlægir upplýsingarnar. Minnt skal á trúnaðar- og þagnarskyldu starfsfólks í þessu sambandi. Starfsfólki ber jafnframt að sýna hátterni og viðmót á AVIA sem telst til almennrar kurteisi og tillitssemi.

Öll gögn eru eign Ísafjarðarbæjar: Öll gögn á AVIA svæði Ísafjarðarbæjar eru eign Ísafjarðarbæjar. Ætlast er til þess að vinnutengd málefni séu rædd í hópum í AVIA og er starfsfólki óheimilt að ræða vinnutengd málefni í hópum á Facebook eða öðrum samskiptamiðlum. Aðgangi að hópum er stýrt svo nýtt starfsfólk fái strax aðgang og þeir sem hætta detta út. Starfsmenn skulu þó fylgjast með og gæta þess að þeir séu í viðeigandi hópum, jafnframt skrá sig úr óviðeigandi hópum ef svo illa vill til að þeir hafi fyrir mistök verið skráðir í hóp sem tengist ekki þeirra starfi. Með þessu móti er aðgengi allra að upplýsingum tryggt og öryggið aukið til muna með því að færa hópana á lokaðan vettvang. Þetta á við um allar vinnutengdar upplýsingar. AVIA er hugsað til að miðla upplýsingum en ekki til skjalavistunar. Þegar endanlegt skjal liggur fyrir skal það vistað á viðeigandi stað í skjalakerfi Ísafjarðarbæjar, ONE eða í öðrum viðeigandi kerfum.

Íslenska og önnur tungumál: Hægt er að hafa AVIA á bæði íslensku eða ensku. Við reynum eftir fremsta megni að halda samskiptum okkar í kerfinu á íslensku.

Hópar: Hópar geta ýmist verið opnir, lokaðir eða faldir. A: allir geta skrifað, B: bara stjórnandi hóps getur skrifað eða samþykkt færslur frá öðrum, C: opnir fyrir alla, fyrir starfseininguna eða fyrir þá sem boðið er sérstaklega.

Opinn hópur

- Hvaða notandi sem er getur gerst meðlimur að þessum hóp.
- Þessi hópur er sýnilegur og mun birtast í leitarniðurstöðum.
- Færslur og virkni eru sýnilegar öllum í fréttaveitu.


Lokaður hópur

- Aðeins fólk sem óskar eftir aðild og er samþykkt eða er boðið í hópinn eru meðlimir.
- Þessi hópur er sýnilegur og mun birtast í leitarniðurstöðum.
- Færslur og virkni mun einungis birtast í fréttaveitu meðlima hópsins.

Falinn hópur

- Aðeins notendum sem er boðið í hópinn geta gerst meðlimir.
- Þessi hópur er falinn og mun ekki birtast í leitarniðurstöðum nema hjá meðlimum.
- Færslur og virkni mun einungis birtast í fréttaveitu meðlima hópsins.

Fréttaveita: Það sem skráð er efst í fréttaveitu á upphafssíðu AVIA (sjá skjáskot hér að neðan) birtist öllu starfsfólki bæjarins og þar getur allt starfsfólk miðlað fréttum, tilkynningum og upplýsingum sem tengjast starfsemi Ísafjarðarbæjar.



Ákveðnir grunnhópar eru til fyrir allar stofnanir sem aðeins starfsfólk þessara stofnana á að vera í og eru ætlaðir fyrir innri samskipti. Lokaður/leynilegur hópur er til þess fallinn að miðla

viðeigandi upplýsingum til valinna samstarfsaðila. Því er mikilvægt að hafa í huga að tiltekinn hópur sé valinn ef ætlunin er að koma á framfæri skilaboðum til útvaldra.

Að vera hluti af hópi eða búa til nýjan: *Notaðu hóp sem gagnast þér í starfi og í samskiptum við samstarfsfólk.* Ekki er þörf að vera í öllum hópum. Ef hópurinn þjónar ekki tilgangi fyrir starfsfólk er í lagi að skrá sig úr honum. Starfsfólk er einnig hvatt til að búa til hóp fyrir samstarfsverkefni og þverfaglega samvinnu og bjóða hlutaðeigandi í þá. Best er að hafa þá hóp sem aðeins ákveðið starfsfólk á að vera í sem „*Falinn hópur*“, þannig að þeir birtist eingöngu því starfsfólki sem þeim tilheyrir.

Notaðu AVIA fyrir vinnuna og málefni tengd vinnufélögum nema í hópum merktum áhugamálum starfsmanna sem starfsfólk velur sjálft að bæta sér við, t.d. hópurinn: „*Húsgögn og innanstokksmunir gefins*“ og með tímanum kannski hópar eins og matgæðingar, hjólréiðafólk og fleiri hópar sem fólk kýs að stofna.

Notum AVIA á jákvæðan og uppbyggilegan hátt: AVIA er ætlað fyrir verkefnavinnu og sem samskiptaleið milli samstarfsfólks. Mikilvægt er að viðhafa sömu faglegu vinnubrögðin þar og í öðrum störfum fyrir Ísafjarðarbæ. Stjórnendur sem eru ábyrgir fyrir vefnum áskilja sér rétt til að loka á aðgang að hluta eða öllu leyti á þá starfsmenn sem misnota hugbúnaðinn.

Starfsfólki er ekki skylt að nota AVIA hugbúnaðinn í símtækjum í sinni einkaeigu, en mælst er til þess, enda markmiðum um gott upplýsingaflæði og styrkingu liðsanda best náð ef starfsfólk er almennt virkt á miðlinum og sem flestir nýti sér hann.

Starfsmenn skulu þó skrá sig inn á AVIA-vefsíðuna og hala niður AVIA-chat forritinu fyrir tölvur í tækjum sveitarfélagsins og vera virkir þar.